

Böðvar Tómasson, verkfræðingur hjá EFLU



Vefkerfi fyrir eigið eldvarnaeftirlit

EFLA verkfræðistofa rekur öfluga ráðgjafastarfsemi á sviði brunahönnunar og öryggismála. Lögð er megináhersla á að nýta sérfræðipækningu til að vernda fólk og eignir gegn brunavá og stuðla að öryggi fólks með gerð viðbragðs- og rýmingaráætlana.

Skilningur á mikilvægi eldvarna hefur aukist síðustu ár og eigendur og rekstraraðilar eru almennt að verða meðvitaðri um mikilvægi þess að tryggja almennt öryggi fólks og rekstrar, en ekki bara að líta á eigið eftirlit sem kvöð.

Að jafnaði er nokkrum fjármunum eytt í brunavarnir bygginga bæði sem stofnkostnaður við byggingu og hönnun og í rekstri. Til að þessar varnir virki eins og þær eru hannaðar til er nauðsynlegt að nota þær rétt og ganga ekki gegn brunavörnum byggingarinnar með rangri umgengni eða einfaldlega vegna vanþekkingar og sinnuleysis.

Fyrirbyggjandi aðgerðir

Fyrirbyggjandi aðgerðir eru mikilvægar. Ekkert fyrirtæki vill lenda í því að allur búnaðurinn sem keyptur er til þess að verjast gegn eldi virkar ekki þegar á reynir. Algengt er að brunavarnir séu góðar í upphafi líftíma byggingar eða starfsemi, en dali síðan eftir því sem á líður. Með eigin eldvarnaeftirliti er hægt að halda brunavörnum á háu stigi og halda eftirliti jöfnu yfir lengri tíma.

Einn þátturinn í því er að hafa virkt eigið eldvarnaeftirlit. Í gildi er reglugerð frá 1994 um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði, en aðferðafræðin hefur þróast í takt við nýja tíma. Slökkviliðin hafa verið mjög virk að benda aðilum á mikilvægi eftirlitsins.

Eftirlit á netinu

Reynslan sýnir að eftirlitskerfi á pappírformi, sem enda í möppu uppi í hillu, verða fljótt óvirk. EFLA hefur því þróað eigið eldvarnaeftirlitskerfi á netinu í samvinnu við norska aðila. Það sem eftirlitskerfi EFLU á netinu hefur umfram hefðbundið pappírform er að eigið eftirlit minnir á sig með því að senda áminningar til þeirra sem ábyrgir eru fyrir hverjum eftirlitsþætti og ef eftirliti er ekki sinnt er sendur póstur til næsta yfirmanns. Í vefkerfið safnast einnig saga alls eftirlits, saga viðhalds og lögbundins eftirlits með öryggisbúnaði auk þess sem hægt er að setja inn frávík, athugasemdir og um leið senda beiðni á þann sem ber ábyrgð á því að lagfæra frávikið.

Eftirlitskerfi á netinu hefur marga kosti; viðmótið er einfalt og fljótlegt að læra, aðgengi er frá hvaða nettengdri tölvu sem er, kerfið gefur heildarmynd af stöðu eftirlits á hverjum tíma og hægt er að heimila lesaðgengi að afmörkuðum upplýsingum fyrir innri eða ytri aðila svo sem eldvarnaeftirlit eða tryggingafélög.

Þjálfun starfsfólks

Rýmingar- og viðbragðsáætlanir eru hluti af eigin eldvarnaeftirliti. Það er nauðsynlegt að starfsfólk fái reglulega þjálfun og fræðslu. Í vefkerfinu er hægt að setja inn upplýsingar um þjálfun starfsfólks og upplýsingar um æfingar og sérstaka tímabundna hættu.

Ábyrgðarskipting er skýr innan kerfisins og sett fram myndrænt. Vefkerfið býður uppá ábendingarkerfi fyrir hættuatburði eða næstum því

slys. Innan kerfisins má geyma skjöl, samninga og almennar upplýsingar um tæknibúnað svo sem brunaviðvörðunarkerfi, vatnsúðakerfi, handslökkvibúnað, út- og neyðarlýsingu og þess háttar, auk upplýsinga um þjónustuaðila og þjónustusamninga. Vefkerfið má útvikka og færa undir það daglegan rekstur fasteignarinnar og viðhald, sem og eftirlit með öryggis og umhverfismálum.

Öll eldvarnaeftirlitskerfi eru sett upp í þessu sjálfvirka kerfi, og það hefur færst í vöxt að óskað hafi verið eftir því að eldri kerfi eða eftirlit séu færð inn í það einnig. Þetta hefur komið til meðal annars vegna þess að mjög auðvelt er að uppfæra og halda kerfinu við, til dæmis vegna breytinga í lagaumhverfi, starfsemi viðkomandi aðila eða vegna breytinga í starfsmannahaldi.

Meðal bygginga í vefkerfinu eru: Höfðatorgsturninn, Borgarleikhúsið, Harpa, Borgartún 27 og höfuðstöðvar Eflu Höfðabakka 9.

